

## **21. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 01.07 2011, kl. 10.00**

---

Mætt til fundar : Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson og Jóhann F. Þórhallsson

Varoddviti Jóhann F. Þórhallsson stjórnaði fundi þar sem hann leysir oddvita Gunnþórunni Ingólfssdóttur af í sumarleyfi hennar.

### **Dagskrá:**

- 1. Grillskýli.**
- 2. Önnur mál**
- 3. Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála.**

#### **1.Grillskýli.**

Sköðaðar voru teikningar af grillskýli á lóð Végarðs sem hafa verið gerðar af Jónasi og Einari. Skýlið er teiknað með þaki og klæddum hliðum úr lerki. Umræða varð um hvort ekki væri líklegt að mikill reykur myndast af grillinu og óheppilegt væri að vera með svo lokað skýli sem teiknað er. Aðstæður voru sköðaðar og niðurstaðan er að setja skjólvegg úr lerki á 3 vegu í ca 180 cm hæð. Síðan verði fundin lausn á yfirbreiðslu yfir grillið sjálft. Jónas og Einar hafa lokið við að girða lóðina og eru byrjaðir á smíðavinnu við grillstæðið. Þeir hafa einnig tekið að sér að smíða í kringum sorptunnur á lóðinni.

#### **2. Önnur mál**

Jóhann las upp erindi frá Írisi D. Randsverdóttur skólastjóra Hallormsstaðaskóla dags. 30.06. Óskað er eftir samþykkis sveitarfélagsins vegna tilfærslu 1,5 millj af viðhaldslið yfir á launalið. Fyrirsjáanlegt er miðað við fjárhagsstöðu að segja þarf upp starfsmanni komi ekki til aukins fjármagns. Í ljósi þess að mjög hefur verið að skólanum þrengt og starfsmannahald dregið saman er sveitarstjórn sammála um að lengra verði ekki gengið í þeim efnum.

Hallormsstaðaskóli þarfast eigi að síður verulegs viðhalds og ekki góður kostur að skera niður viðhaldsfé. Engar upplýsingar hafa fengist um fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu eða kostnað vegna uppsetningar frystis og flutnings á leiktækjum. Jóhanni falið að kalla eftir upplýsingum frá fasteignafulltrúa um þau atriði. Sveitarstjórn samykkir fyrir sitt leyti beiðni skólastjóra, en leggur áherslu á að viðhaldi verði sinnt og leitað verði leiða til að fá fjármagn inn á viðhaldslið í stað tilfærslu nú.

Bréf frá Vegagerðinni dags. 23.06. Sveitarfélaginu er úthlutað 1 millj úr styrkvegasjóði vegna styrkvega í Fljótsdalshreppi.

Jóhann ræddi um áhyggjur íbúa yfir slæmu gsm sambandi í Norðurdal og Suðurdal. Boðun með kerfinu er mikilvert öryggisatriði komi til stíflurofs. Sveitarstjórn skorar á Landsvirkjun að koma þessum málum í lag.

Rætt um veg í Norðurdal. Gunnþórunn hefur beðið Vegagerðina um að kostnaðarreikna endurbætur á veginum, en samkvæmt símtali sem íbúi átti við Vegagerðina þarf að senda skriflegt erindi. Jóhanni falið að senda það eftir helgina.

Borist hefur ársskýrsla Héraðsskóga fyrir árið 2010

### **3. Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála.**

Þorvarður lýsti yfir vanhæfi sínu varðandi þennan lið vegna tengsla. Vanhæfi samþykkt og vék Þorvarður af fundi. Á fund í hans stað mætti Eiríkur J. Kjerúlf 2 varamaður.

Eftir yfirferð tilboða er niðurstaðan þessi:

Íslandsgarðar ehf 49.995.000,-  
Gæðaverk efh og Héraðsfjörður ehf 48.438.500,-  
Timburmenn ehf 38.672.970,-

Kallað hefur verið eftir gögnum frá lægstbjóðanda varðandi fjárhagsstöðu, skil á opinberum gjöldum og upplýsingum um undirverktaka. Sérstaklega var óskað eftir upplýsingum um skráðgarðyrkjumeistarann. Fyrir liggja fullnægjandi gögn nema hvað varðar undirverktaka. Kostnaðaráætlun hefur verið yfirfarin og niðurstaðan er að nokkrir kostnaðarliðir séu vanreiknaðir. Lægsta tilboð er talsvert umfram þann kostnað sem áætlað var vegna þessara framkvæmda á árinu. Rætt um þann möguleika að færa hluta framkvæmda yfir á næsta ár, sá kostur þykir ekki fýsilegur. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grundvelli tilboðs þeirra. Fjármagn umfram fjárhagsáætlun verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé. Jóhanni falið að kalla eftir lista um undirverktaka og skrifa undir samning við Timburmenn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.00

Gunnþórunn ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)  
Þorvarður Ingimarsson (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Jóhann F. Þórhallsson (sign)  
Lárus Heiðarsson ( sign )  
Eiríkur J. Kjerúlf ( sign )